

## Nafn og heimili

## Kennitala

## Skýrsla um fyrningar og kaup og sölu eigna á árinu 2007

## Fylgiskjal með skattframtali 2008

Athugasemdir

# Leiðbeiningar um útfyllingu eignaskrár

Þar sem vitnæd er til lagagreina og reglugerðargreina í leiðbeiningum þessum er átt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og reglugerð nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

## Um útfyllingu einstakra dálka

Athugið að alltaf skal færa upplýsingar í dálka 1, 2, 3, 4 og 7. Aðeins skal færa í dálka 5 og 6 á kaupári eignar og aðeins skal færa í dálka 13 til 18 á sölúári eignar.

## 1 Heiti eða tegund eignar

Hér skal tilgreina heiti eða tegund eignar. Ef heiti eða tegund eignar eða eignaflokks ber það ekki með sér til hvers eignin er notuð skal tilgreina hver notkunin er svo að séð verði undir hvaða fyrningarflokk eignin fellur. Nafn fasteignar, ef metin er, skal tilgreint á sama hátt og í fasteignamatsskrá en ella samkvæmt byggingarsamþykkt eða byggingarleyfi. Götunafn og húsúmer skal tilgreint þar sem það á við. Þegar um fleiri en eitt útihús á bújörð er að ræða, eru nóg að tilgreina nafn jarðarinnar í fyrstu línu. Færa skal fastanúmer bifreiðar.

Tilgreina skal til hvers fasteignir er notuð, þannig að séð verði undir hvaða fyrningarflokk hún fellur samkvæmt reglugerðinni, t.d. verslunarbygging, verksmiðjubygging, veitingahús, dráttarbraut, gróðurhús o.s.frv., eða enn nánar eftir því sem við á, t.d. ef um útihús á bújörð er að ræða, þá fjós, hlaða, fjárhús o.s.frv.

## 2 Auðkenni eignar

Hér skal færa auðkennisnúmer eignar, sem aðgreinir hana frá öðrum eignum.

Auðkenni eignar er níu tölustafir. Fyrstu tveir stafirnir sýna kaupár, næstu tveir sýna fyrningarflokk, þá standa tveir fyrir tegund eignar (sbr. töfluna Tegundarflokken eigna hér á síðunn) og síðustu þrír stafirnir eru raðnúmer, þar sem fyrsta eign ákveðinnar tegundar sem keypt er á árinu fær númerið 001, næsta eign sömu tegundar fær númerið 002 o.s.frv.

Dæmi: Fyrsta tölvun sem keypt var á árinu 2007 (fyrningarflokkr 4 tegund 51) fær auðkennið 070451001.

## 3 Uppruni eignar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir uppruna eignar. Ef eign var til í ársþyrjun skal færa 0, ef eign var keypt á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign var smíðuð, byggð eða framleidd á árinu skal færa 2.

## 4 Ráðstöfun eignar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir ráðstöfun eignar. Ef eign var til í árslok skal færa 0, ef eign var seld á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign ónýttist á árinu skal færa 2.

## 5 Kennitala seljanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu seljanda eignar, sem keypt var á rekstrarárinu. Ef seljandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári eignar.

## 6 Innskattur

Hér skal færa fjárhæð innskatts við kaup á eign. Ef eign var ekki innsköttuð við kaup skal ekkert fært hér. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári eignar.

## 7 Kaupverð/stofnverð

Hér skal tilgreina kaupverð eða stofnverð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2006 í dálki 7, eða kaupverð eða stofnverð eigna sem aðlað var á árinu 2007.

## 8 Bókfært verð í upphafi reikningsárs

Hér skal tilgreina bókfært verð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2006 í dálki 12.

## 9 Fyrningarflokkur

Hér skal tilgreina hundraðshluta fyrningar af fyrningargrunni eignar, sbr. 37. gr. skattalaga.

## 10 Almenn fyrning ársins

Hér skal færa almenna fyrningu ársins. Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekná, sbr. 34. gr. Eign skv. 1. og 2. tl. 33. gr. (fyrningarflokkr 1-6) má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir 10% af stofnverði hennar sem niðurlagsverð eignarnar, sbr. 42. gr.

Full fyrning er á því ári þegar eign er fyrst nýtt við öflun tekná en ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu. Hér skal fyrna að fullu þær eignir sem ónýtast á árinu.

Ef um lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi bókfærðs verðs í upphafi reikningsárs samkvæmt dálki 8 og fyrningarflokks skv. dálki 9. Ef eign var keypt á árinu skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarflokks skv. dálki 9. Ef eign varð ónýt á árinu skal þó færa hér eftirstöðvar bókfærðs verðs.

Ef um aðrar eignir en lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarflokks skv. dálki 9, eða eftirstöðvar bókfærðs verðs ef eign varð ónýt á árinu.

## 11 Aukafyrning ársins

Hér skal tilgreina fyrningar sem heimilar eru samkvæmt 14. gr. skattalaga og niðurfærslu aflahlutdeilda skv. 6. mgr. 15. gr. sömu laga.

## 12 Bókfært verð í lok reikningsárs

Hér skal færa bókfært verð eigna í lok reikningsárs. Bókfært verð eigna sem til voru í upphafi reikningsárs eru fjárhæð í dálki 8 að frádegnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11. Bókfært verð eigna sem aðlað var á árinu er fjárhæð í dálki 7 að frádegnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11.

## 13 Kennitala kaupanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu kaupanda eignar, sem seld var á rekstrarárinu. Ef kaupandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á sölúári eignar.

## 14 Söluluverð

Hér skal færa söluluverð sérhverrar seldrar eignar á rekstrarárinu. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á sölúári eignar.

## 15 Útskattur

Hér skal færa fjárhæð útskatts við sölu á eign. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á sölúári eignar.

## 16 Söluhagnaður/sölutap (-)

Hér skal færa söluhagnað eða sölutap af sérhverri seldri eign á rekstrarárinu. Söluhagnaður færst sem + (plús) og sölutap sem - (minús).

Athugið að ekki skal fylla dálkinn út vegna eigna sem ónýtast á árinu. „Sölutapið“ er þess í stað fært sem fyrning í dálki 10. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á sölúári eignar.

## 17 Frestaður söluhagnaður

Sé þess óskað að skattlagningu söluhagnaðar í dálki 16 verði frestað, kemur í þennan dálk sú fjárhæð söluhagnaðar af hverri seldri eign sem frestað er til skattlagningar, skv. 14. gr., 15. gr., 22. gr. eða 27. gr. skattalaga. Tilgreina skal flokk frestunar í dálki 18. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á sölúári eignar.

## 18 Flokkur frestunar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir flokk frestunar á söluhagnaði. Fjárhæð frestaðs söluhagnaðar skal færð í dálki 17. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á sölúári eignar.

- Merkja á 1 ef óskað er frestunar á skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót, skv. 14. eða 15. gr. skattalaga.
- Merkja á 2 sé um að ræða frestun á skattlagningu söluhagnaðar um allt að fimm ár vegna altjóns eða eignarnáms, skv. 22. gr. skattalaga.
- Merkja á 3 til 7 ef óskað er frestunar í hlutfalli við afborgunartíma skuldaviðurkenningar, skv. 27. gr. skattalaga, þ.e. 3 fyrir þjú ár, 4 fyrir fjögur ár o.s.frv., upp í 7 fyrir sjö ár.

## Úr lögum nr. 90/2003

### Fyrnanlegar eignir

33. gr. Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir sem notaðir eru til öflunar tekná í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýra að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

- Lausafé, þar með talin skip, loftförl, bifreiðar, vélar og tæki.
- Mannvirkir, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar.
- Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessum tölulið má aldrei verða hærra en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádegnum verðmæti því sem eftir standur að lokinni nýtingu.
- Keyptur egnarréttur að verðmætu hugverkum og auðkennum, svo sem höfundaréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis.

5. Keypt viðskiptavild. Kaup á ófyrnarlegum réttindum skv. 48. gr. teljast ekki til keyptar viðskiptavilda.

34. gr. Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekná.

35. gr. Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónóthaef, nema sölverð eða annað andvirið sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, þ.e. bókfært verð til skatts. Er þá heimilt að gjaldfæra mismunin.

### Fyrningargrunnur eigna

36. gr. Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna.

Fyrningargrunnur eigna skv. 1. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr., að frádegnum áður fengnum fyrningum. Fyrningargrunnur eigna skv. 2.-5. tölul. 33. gr. telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 12. gr.

Fyrningargrunnur eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir lok reikningsársins 2001, og fengnar fyrningar þeirra ákváðast í samræmi við endurmat stofnverðs við framtalsgerð á árinu 2002.

### Fyrningarflokkur 1 (10-20%)

Fólksbifreiðar

- 01 11 Jeppabifreiðar fyrir ferri en níu menn

- 01 99 Fólksbifreiðar fyrir ferri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar

### Fyrningarflokkur 2 (10-20%)

Skip og skipsbúnaður og loftförl og fylgihlutir þeirra

- 02 01 Flugvélar og önnur loftförl og fylgihlutir þeirra

- 02 11 Bátar undir 12 rúmlestum

- 02 39 Önnur skip og bátar

- 02 40 Eignfærðar breytingar á skipi

- 02 51 Siglingatæki og önnur tækí í brú

- 02 61 Vélar í skip og báta, stýrisbúnaður

- 02 71 Spil/dælur um borð í skipi

- 02 99 Annar skipsbúnaður

### Fyrningarflokkur 3 (10-30%)

Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tækí

- 03 11 Fiskvinnsluvélar

- 03 21 Matvælaiðnvélar

- 03 31 Prentiðnaðarvélar

- 03 39 Ljósmyndavélar og framkóllunartæki

- 03 41 Vélar fyrir trésmíði

- 03 50 Byggingarmót

- 03 51 Vélar fyrir málmsmiði

- 03 59 Rafiðnaðar- og rafsuðuvélar

- 03 71 Vélar fyrir vefjaiðnað

- 03 77 Pottavélar og purrkarar

- 03 81 Vigtar

- 03 83 Dælur og pressur

- 03 85 Pökkuðar- og átöppunarvélar

- 03 89 Kæli- og frystikerfi

- 03 99 Aðrar verksmiðjuvélar og hvers konar iðnvélar og tækí

### Fyrningarflokkur 4 (20-35%)

Skrifstofuáhöld og -tækí

-